# Laugardagur 24. júní

## SJÓNVARPIÐ

16.00 **Íþróttaþátturinn.** Svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
18.00 **Dvergaríkið (1)** (The Wisdom of the Gnomes). Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Dvergarnir Kláus dómari og Daníel aðstoðarmaður hans ferðast um víða veröld og kynnast dvergum af ólíku þjóðerni en höfuðóvinirnir, tröllin, eru þó aldrei langt undan. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Ærslabelgir.** – Fótboltahetjan – (Comedy Capers – Football Hero). Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna.
20.35 **Lottó.**
20.40 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í sjónvarpssal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
21.10 **Fyrirmyndarfaðir** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.35 **Fólkið í landinu.** Svipmyndir af Íslendingum í dagsins önn. – Góð íþrótt er gulli betri. – Guðrún Guðlaugsdóttir ræðir við Guðrúnu Nielsen fimleikakennara.
22.05 **Allt í pati** (Nickelodeon). Bandarísk gamanmynd frá 1976. Leikstjóri Peter Bogdanovich. Aðalhlutverk Ryan O'Neal, Burt Reynolds, Brian Keith og Tatum O'Neal. Árið 1910 eru ungir athafnamenn að uppgötva hinn nýja miðil, kvikmyndina.
00.05 **Síðasta lestin** (Last Train from Gun Hill). Bresk bíómynd frá 1959. Leikstjóri John Sturges. Aðalhlutverk Kirk Douglas og Anthony Quinn. Myndin gerist í villta vestrinu og fjallar um mann sem leitar hefnda en kona hans af indíánaættum hefur verið drepin. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
01.35 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með Beggu frænku.** Komið þið sæl og blessuð aftur. Ég ætla að minna ykkur á að senda mér ljósmyndir af ykkur því ég ætla að draga í happdrættinu í næstu viku. Munið að skrifa nöfnin ykkar og símanúmer aftan á myndina. Við horfum í dag á teiknimyndirnar Óskaskóginn, Snorkana, Tao Tao, Maju býflugu og nýju teiknimyndina um Jarðfræðiorminn. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jógi.** Teiknimynd.
10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.15 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
12.05 **Ljáðu mér eyra ...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
12.30 **Lagt í'ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum sunnudegi.
13.00 **Litla stúlkan með eldspýturnar.** Little Match Girl. Nútímaútfærsla á samnefndu ævintýri H.C. Andersen. Það er kvöld og fyrsti dagur jóla. Með hlutverk Mollý fer hin óviðjafnanlega barnastjarna Keshia Knight Pulliam (Rudy í Fyrirmyndarföður) en með önnur hlutverk fara Rue McClanahan (úr Golden Girls) og John Rhys-Davis (úr Noble House). Aðalhlutverk: Keshia Knight Pullman, Rue McClanahan og William Daniels.
14.35 **Ættarveldið.** Dynasty. Bandarískur framhaldsþáttur.
15.25 **Napóleon og Jósefína.** Napoleon and Josephine. Endurtekin framhaldsmynd um ástir og ævi Frakklandskeisara og konu hans. Fyrsti hluti. Aðalhlutverk: Jacqueline Bisset, Armand Assante, Stephanie Beacham, Anthony Higgins og Anthony Perkins.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Sýnt verður frá ítalska fótboltanum, tennis, skautahlaupi, frjálsum íþróttum í Kaliforníu, bikarkeppni í torffæruakstri og siglingum. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heimsmetabók** Guinness. Spectacular World of Guinness. Ótrúlegustu met í heimi er að finna í Heimsmetabók Guinness. Kynnir: David Frost.
20.25 **Ruglukollar.** Marblehead Manor. Snarruglaðir bandarískir gamanþættir með bresku yfirbragði. Aðalhlutverk Bob Fraser, Linda Thorson, Phil Morris, Rodney Scott Hudson og Paxton Whitehead.
20.55 **Fríða og dýrið.** Beauty and the Beast. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með ævintýralegu sniði.
21.45 **Eins manns leit.** Hands of a Stranger. Framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Fyrri hluti. Armand Assante er hér í hlutverki ungs lögreglumanns að nafni Joe Hearn. Aðalhlutverk: Armand Assante, Beverly D'Angelo og Blair Brown. Seinni hluti verður á dagskrá 27. júní.
23.25 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
00.15 **Flóttinn frá Sobibor.** Escape from Sobibor. Stórmynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum. Hér greinir frá flótta nærri þrjú hundruð gyðinga úr útrýmingarbúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni.
2.45 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ólafur Jens Sigurðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi** – Grimmsævintýri. Kristín Helgadóttir les ævintýrið Fósturdóttir Maríu meyjar, í þýðingu Theodórs Árnasonar.
9.20 **Sígildir morguntónar** eftir Edvard Grieg.
9.40 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Fólkið í Þingholtunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Árni Hjartarson, Halldór Björnsson og Knútur R. Magnússon. og Þórdís Arnljótsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Sigrún Stefánsdóttir. (Frá Akureyri)
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttirog Ómar Valdimarsson.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins.** Barnaútvarpið bregður sér austur fyrir fjall og kemur við í Hveragerði. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Leikandi létt** – Ólafur Gaukur.
18.00 **Af lífi og sál.** Viðtalsþáttur í umsjá Erlu B. Skúladóttur. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Tónlist eftir Felix Mendelsohn.** Úr Jónsmessunæturdraumi, tónlist við leikrit eftir Shakespeare. Arleen Augér sópran, Anna Muray mezzósópran og Ambrosian Singers syngja, Fílharmóníusveit Lundúna leikur með; Neville Marriner stjórnar. (Af hljómdiski)
20.00 **Sagan:** Vala eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Sigrún Edda Björnsdóttir les (6.)
20.30 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Ólöf Kolbrún Harðardóttir og kór Söngskólans í Reykjavík syngja íslensk lög. (Af hljómböndum og -plötum)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir (Frá Akureyri)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Kæru landsmenn.** Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur, að þessu sinni Sveinn Rúnar Hauksson.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
00.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Guðmund Snorrason flugumsjónarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Úr gömlum belgjum.**
07.00 **Morgunpopp.**
07.30 **Fréttir á ensku.**

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Ólafur Már Björnsson.** Það leynir sér ekki að helgin er byrjuð þegar Ólafur mætir á vaktina. Hann kemur öllum í helgarskap með skemmtilegri tónlist úr ýmsum áttum.
13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslögin og kveðjur í síma 61 11 11.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
13.00 **Margrét Hrafnsdóttir. Loksins laugardagur.** Hressilegir þættir uppfullir af skemmtiefni, fróðleik, upplýsingum og góðri tónlist. Gestir koma í heimsókn og gestahljómsveitir Stjörnunnar leika tónlist í beinni útsendingu úr hljóðstofu. Stórgóðir þættir með hressu ryksugurokki og skemmtilegum uppákomum. Magga í sannkölluðu helgarstuði.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturstjörnur.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Útvarp Kolaport. Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti.**
15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
17.00 **Laust.**
18.00 **S–amerísk tónlist.** Ingvi Þór Kormáksson kynnir brasilíska tónlist.
19.00 **Laugardagur til lukku.** Gunnlaugur og Þór.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM·102,9

17.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
22.30. **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
00.30 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

8.00 **Stefán Baxter.**
12.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
16.00 **Stefán Baxter.**
18.00 **Kristján Jónsson.**
23.00– 8.00 **Sigurður Ragnarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **The Flying Kiwi.** Ævintýrasería.
5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.00 **Fjölbragðaglíma.**
12.00 **Kvikmynd.**
14.00 **Planet of Apes.** Spennumyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
17.30 **That's Incredible.**
18.30 The Love Boat.
20.00 **Box. Heimsmeistarakeppni í léttþungavigt.**
21.30 **Fjölbragðaglíma.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

15.00 **Haunted Honeymoon.**
17.00 **Legend.**
19.00 **Gorky Park.**
21.00 **Crimewave.**
23.00 **Coffy.**
01.00 **Hennessy.**

## EUROSPORT

9.30 **Frjálsar íþróttir.** Ameríska meistaramótið í Houston.
10.30 **Irish Open Golf.** Annar dagur írsku meistarakeppninnar.
12.30 **Tennis.** Keppni atvinnumanna í Wentworth.
14.30 **Hornabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Irish Open Golf.** Frá írska meistaramótinu í Dublin.
19.00 **Tennis.** Keppni á grasvelli í Wentworth.
21.00 **Vélhjólaakstur.** Grand Prix keppni frá Hollandi.
22.00 **Körfuknattleikur.** Frá Evrópumóti karla í Júgóslavíu.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Tónlist og tíska.**
10.00 **Tourist Magazine.**
10.30 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Hollywood Insider.**
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Big Valley.**
13.00 **Flying High.** Gamanþáttur.
14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
14.30 **Tónlist og tíska.**
15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
16.30 **Körfubolti.** Úrslitakeppnin í NBA.
17.30 **Tískuþáttur.**
18.00 **Lady of Burlesque.** Kvikmynd.
20.00 **Twilight Zone.**
20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
21.30 **Dressed to Kill.** Kvikmynd.
22.30 **Popptónlist.**



**Nokkrir þeirra sem komust af á flóttanum úr fangabúðunum voru ráðgjafar við gerð þessarar kvikmyndar.**

### Stöð 2 kl. 00.15:

# Flóttinn frá Sobibor

Þessi mynd er endurtekin en hún er vel þess virði að horfa á hana. Myndin greinir frá sannsögulegum atburðum sem gerðust í Sobibor fangabúðunum í Austur-Póllandi í seinni heimsstyrjöldinni. Gyðingarnir í búðunum gerðu sér grein fyrir afdrifum félaga sinna og undirbjuggu flótta, 14. október 1943 létu þeir til skarar skríða með áætlun sína sem gaf öllum tækifæri til að flýja og komast af. Í fjörutíu ár vissi heimurinn ekki af þessum atburði. Aðeins fangarnir, sem komust af, vissu um það sem gerðist og nasistarnir sem eyddu öllum ummerkjum búðanna. Myndin er tekin upp í Júgóslavíu rétt fyrir utan Belgrad. Þar voru „fangabúðirnar" endurreistar nákvæmlega í þeirri mynd sem þær voru fyrir kvikmyndun. Nokkrir þeirra sem komust af voru ráðgjafar við gerð myndarinnar. Með aðalhlutverk fara Alan Arkin, Joanna Pacula og Rutger Hauer. –ÓTT

### Sjónvarp kl. 18.00:

# Dvergaríkið

## – teiknimyndaflokkur

Í þessum teiknimyndaflokki segir frá búálfinum Kláusi sem ferðast um heiminn ásamt Dany aðstoðarmanni sínum. Í myndunum koma fram ný sjónarhorn og ótroðnar slóðir eru farnar þegar þessar stuttu og skemmtilegu persónur eru kynntar. Búálfarnir reyna að leysa alls konar vandamál sem koma upp hjá öðrum búálfum og dýrum. Á ferðalögum sínum hitta þeir marga ólíka félaga frá mörgum löndum. Þeir kynnast nýjum siðum og framandi lífsmáta og klæðaburði. Þeir munu líka lenda í ýmsum vandamálum þegar tröllin birtast en þau eru óvinir þeirra. –ÓTT

### Útvarp Rót kl. 18.00:

# Brasilísk músík

Annan hvern laugardag klukkan 18.00 er þáttur hjá Rótinni þar sem leikin er suður-amerísk tónlist. Í síðasta þætti var kynnt tónlist frá Brasilíu og verður því haldið áfram á þessum laugardegi. Söngkonurnar Elis Regina og Marie Bethanie verða kynntar. Auk þess koma við sögu lagasmiðirnir Chico Buarque, Toguinho og Gilberto Gil sem hafa getið sér gott orð í S-Ameríku, Bandaríkjunum og víðar. Þess má geta að í júlí verður svo á dagskrá a.m.k. einn þáttur helgaður salsa-tónlist. Kynnir í þessum þáttum er Ingvi Þór Kormáksson. –ÓTT

### Sjónvarp kl. 22.05:

# Allt í pati

Þessi gamanmynd gerist árið 1910 þegar kvikmyndir eru að stíga bernskusporin – þöglar myndir á hreyfingu með píanóundirleik. Nokkrar ólíkar persónur verða af tilviljun þátttakendur í þessum nýja og spennandi kvikmyndaheimi. Leo Taylor (Ryan O'Neal) er lögfræðingur sem finnur skyndilega peningalykt og vonast eftir frama. Yfirmaður kvikmyndavers finnst hann sjá hæfileika hans sem felast í að búa til sögur. Hann ræður Leo og sendir hann til Kaliforníu í erindagjörðum fyrir sig. Áður en hann fer kynnist hann dansaranum Kathleen (Jane Hitchcock) og fellur fyrir henni. Þá kemur til sögunnar sveitastrákurinn Tom Buck (Burt Reynolds). Þríeykið gerir kvikmynd sem Leo leikstýrir en hin tvö eru í aðalhlutverkum. Þegar þau tvö fara upp í loftbelg notar sveitastrákurinn tækifærið og biður Kathleen – Leo fylgdist bara með á jörðinni og hlutirnir byrja að flækjast mjög. Einnig kemur leikkonan Tatum O'Neil og fleiri við sögu. –ÓTT